

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn
frá Svandísi Svavarsdóttur um landvörslu.

1. *Hvaða greining liggur að baki fjölda landvarða á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum?*

Á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum starfa landverðir bæði í hlutastörfum og eins sem fastráðnir starfsmenn. Landverðir starfa hjá Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði sem eru þær stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem fara með umsjón þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Ráðuneytið bendir á að landvarsla í þjóðgarðinum á Þingvöllum heyrir ekki undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Við ákvörðun um landvörslu hjá Umhverfisstofnun er forgangsörðunin þessi: 1. Þjóðgarðar. 2. Rauðlistasvæði, ef við á. 3. Svæði tengd ástandi þess og gestafjölda. Hjá Vatnajökulspjóðgarði er landvarsla metin út frá ástandi og gestafjölda. Þetta er hins vegar háð þeim fjárumum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni.

Fjöldi landvarða sem vinna í hlutastörfum, yfirleitt yfir sumarmánuðina, er mældur í fjölda vikna sem þeir inna af hendi, svokallaðra landvarðavikna. Þessu til viðbótar starfa fastráðnir starfsmenn í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum við landvörslu, a.m.k. að hluta. Hjá Umhverfisstofnun eru þeir nú sjö talsins en hjá Vatnajökulspjóðgarði tíu. Til viðbótar þessu koma aðrir starfsmenn og sjálfboðaliðar að landvörslu.

Þess ber einnig að geta að Umhverfisstofnun hefur átt samstarf við aðila sem ráðið hafa starfsmenn til landvörslu, þ.e. Mýrdalshrepp vegna Dyrhólaeyjar, Náttúrustofu Norðurlands vestra fyrir Miklavatn, stjórn Reykjanesfólkvangs með landvörð fyrir fólkvanginn og sveitarfélagið Djúpavogshrepp fyrir fólkvanginn Teigarhorn.

2. *Hversu margar voru landvarðavikur á árunum 2009–2014?*

Eins og kemur fram í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar eru landvarðavikur einungis mælieining fyrir hluta þeirrar landvörslu sem Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarður sinna og ná aðeins yfir fjölda landvarða sem vinna í hlutastörfum. Umfang landvörslu þarf að skoðast út frá fastráðnum starfsmönnum sem sinna landvörslu að hluta, landvarðavikum og út frá öðrum starfsmönnum sem hafa verið ráðnir sérstaklega til landvörslu. Í töflu hér á eftir má sjá fjölda landvarðavikna hjá Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði yfir sumarmánuðina á tímabilinu 2009–2014.

Fjöldi landvarðavikna yfir sumarmánuðina 2009–2014.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Vatnajökulspjóðgarður	355	403	432	469	535	505
Friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar	140	146	172	219	232	203
Samtals	495	549	604	688	767	708

3. Hefur landvarsla haldist í hendur við aukinn fjölda ferðamanna undanfarin ár?

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu hefur fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað koma um Leifsstöð aukist frá árinu 2009 úr tæpum 500.000 á ári í tæp 800.000 árið 2013. Þetta er rúmlega 60% aukning. Tölur fyrir 2014 liggja enn ekki fyrir. Á þessu sama tímabili vorðu Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður 76,7 millj. kr. til landvörslu árið 2009 og um 132,7 millj. kr. árið 2013. Þetta er einnig um 60% aukning. Aukning á umfangi landvörslu hjá stofnunum, mælt í fjármagni sem þær verja til hennar, sbr. 4. tölul. fyrirspurnarinnar, hefur því verið áþekkt aukningu erlendra ferðamanna. Rétt er einnig að taka fram að þessar tölur Ferðamálastofu taka ekki til komu ferðamanna með skemmtiferðaskipum.

4. Hversu mikið fjármagn hefur verið lagt í landvörslu hvert ár 2009–2014, skipt eftir friðlýstum svæðum og þjóðgörðum?

Í samræmi við upplýsingar frá Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði eru rauntölur vegna kostnaðar við landvörslu eftirfarandi í millj. kr.:

Útgjöld til landvörslu, 2009–2014, í millj. kr.						
	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Vatnajökulsþjóðgarður	55,3	64,5	71,2	78,1	91,3	93,4
Umhverfisstofnun:						
Friðlýst svæði	13,8	14,1	12,1	17,5	31,9	32,3
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	7,6	7,7	13,7	18,3	9,5	10,1
Samtals hjá Umhverfisstofnun	21,4	21,8	25,8	35,8	41,4	42,4
Samtals	76,7	86,3	97	113,9	132,7	135,8

Rétt er að taka fram að þegar þetta svar er tekið saman eru enn um tveir mánuðir eftir af árinu 2014 og því mögulegt að útgjöld til landvörslu eigi eftir að hækka.